



Fundargerð

72. fundur svæðisskipulagsnefndar höfuðborgarsvæðisins var haldinn föstudaginn 16. desember.2016, kl.11:00 á skrifstofu SSH, Hamraborg 9, Kópavogi.

Mættir:

Reykjavík:

Hjálmar Sveinsson

Kópavogsbær:

Hreiðar Oddsson og Ása Richardsdóttir

Hafnarfjarðarbær:

Borghildur Sturludóttir og Eva Lín Vilhjálmsdóttir

Garðabær:

Sigurður Guðmundsson og Steinþór Einarsson

Mosfellsbær:

Bryndís Haraldsdóttir og Ólafur Ingi Óskarsson

Seltjarnarnesbær:

Stefán Bergmann

Kjósarhreppur:

G. Oddur Víðison

Halldór Halldórsson boðaði forföll.

Ennfremur sat fundinn Hrafnkell Á. Proppé svæðisskipulagsstjóri höfuðborgarsvæðisins sem ritaði fundargerð.

Formaður, Hjálmar Sveinsson, setti fund og stýrði.

1. Staða húsnæðismarkaðarins á höfuðborgarsvæðinu

Jón Bjarni Gunnarsson og Friðrik Á. Ólafsson hjá Samtökum iðnaðarins greindu frá talningum á íbúðum í byggingu í dag og spá SI um uppbyggingu íbúðahúsnæðis til ársins 2019.

Svæðisskipulagsstjóri greindi frá samanteknum upplýsingum frá Þjóðskrá og byggingafulltrúaembættum um hvernig Þróunaráætlun höfuðborgarsvæðisins 2015-2018 hefur undið fram.

Í máli beggja kom fram að skortur er á íbúðahúsnæði á höfuðborgarsvæðinu og hægar hefur gengið að bæta framboðið en áætlanir gerðu ráð fyrir. Rætt var um nauðsyn þess að hafa gott aðgengi að upplýsingum um stöðuna á íbúðamarkaðnum, lóðamál, áherslur svæðisskipulagsins o.fl.

Niðurstaða:

Svæðisskipulagsnefnd þakkar SI fyrir þeirra framlag við að draga fram upplýsingar um íbúðir í byggingu. Nefndin hvarf að árið 2016 sé aðgengi að þessum upplýsingum jafn bagalegt og raun ber vitni. Það er brýn þörf á úrbótum allra þeirra aðila sem að málinu koma sem allra fyrst. Mikilvægt er að halda áfram því samtali sem myndast hefur milli SI og svæðisskiplagsnefndar.

Varðandi umræðu um lóðaskort vill svæðisskipulagsnefnd árétta vilja til að ná jafnvægi í uppbyggingu á höfuðborgarsvæðinu og telur sig eiga samleið með SI í þeim efnum. Þó svo að sveitarfélög hafi minkað framboð á lóðum á óbyggðum svæðum þá er heilmikið framboð af byggingarétti í þegar byggðum hverfum.

2. Staða þróunaráætlunar / málsnr. 1501008

Erindi Skipulagsstofnunar um stöðu Þróunaráætlunar 2015-2018 vegna framfylgdar svæðisskipulags höfuðborgarsvæðisins.

Í erindinu óskar Skipulagsstofnun eftir upplýsingum um stöðu vinnunnar við afgreiðslu seinni hluta þróunaráætlunar 2015-2018 sem stóð til að væri lokið haustið 2015. Einnig óskar stofnunin eftir því að lagðar verði fram upplýsingar um uppbyggingu íbúðar- og atvinnuhúsnæðis á höfuðborgarsvæðinu. Loks er minnt á að í bréfi Skipulagsstofnun dags. 30. júní 2015 var því beint til svæðisskipulagsnefndar að skoða frekar, við afgreiðslu seinni hluta þróunaráætlunar 2015-2018, hvernig best er hægt að nýta þróunaráætlunina til að samræma áform sveitarfélaga og tryggja að uppbygging næstu ára styðji markmið svæðisskipulagsins.

Niðurstaða:

Svæðisskipulagsnefnd þakkar Skipulagsstofnun brýninguna og tekur undir með stofnuninni að það sé bagalegt að ekki hafi tekist að ljúka seinni áfanga þróunaráætlunar. Unnið er nú að endurmati þróunaráætlunar 2015-2018. Svæðisskipulagsnefnd bendir á að ætlunin er að endurskoða þróunaráætlunir þegar lega Borgarlínu liggur fyrir ásamt tillögum að áfangaskiptingu líkt og kemur fram í aðgerð 2.2.1. Miðað við sérstakt samkomulag sem sveitarfélögin undirrituðu á aðalfundi SSH þann 2. desember sl. má ætla að þessar upplýsingar liggja fyrir vorið 2017.

Svæðisskipulagsnefnd óskar eftir því að eiga samtal við fulltrúa Skipulagsstofnunar á næsta fundi sínum til að fara yfir ofnagreind atriði.

3. Kópavogur – aðalskipulagsbreyting vegna brúar yfir Fossvog / málsnr. 1611005

Lýsing að skipulagsverkefni skv. 1. mgr. 30. gr. skipulagslaga. Óskað er eftir að umsagnir berist fyrir 15. desember 2016.

Breytingin felst í að skilgreiningar á samgöngumátum sem nýta mega brú yfir Fossvog er víkkuð þannig að gert verði ráð fyrri að almenningsamgöngur geti nýtt brúna en ekki einungis gangandi og hjólandi. Með því verður samræmi milli skilgreininga í aðalskipulagi Kópavogs og Reykjavíkur.

Niðurstaða:

Svæðisskipulagsnefnd fagnar því að Kópavogur ætli að breyta skilgreiningum í sínu aðalskipulagi þannig að almenningsamgöngur geti nýtt brú yfir Fossvog. Nefndin bendir á að í þeirri vinnu sem staðið hefur yfir við val á legu Borgarlínu hefur brú yfir Fossvog alltaf verið einn möguleiki.

4. Seltjarnarnes – endurskoðun aðalskipulags / málsnr. 1611006

Auglýst tillaga að aðalskipulagi Seltjarnarness 2015-2033 skv. 31. gr. skipulagslaga.

Í tillögunni eru markmið um breyttar ferðavenjur í samræmi við svæðisskipulagið

og sett er fram stefna um Borgarlínu í bæjarkjarnann við Eiðstorg. Einnig kemur fram stefna um hjáleiðir fyrir strandstíginn þannig að hann myndi samfellu milli Seltjarnarness og Reykjavíkur.

Stefán Bergmann situr hjá við afgreiðslu nefndarinnar.

Niðurstaða:

Svæðisskipulagsnefnd telur gott samræmi vera milli tillögu að aðalskipulagi Seltjarnarness og svæðisskipulags höfuðborgarsvæðisins og gerir ekki athugasemdir við tillöguna.

- 5. Reykjavík, aðalskipulagsbreyting, Hraunbær-Bæjarháls / málsnr. 1612001**
Verkefnislýsing fyrir breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030 þar sem heimila á íbúðauppbyggingu á svæði sem nú er skilgreint sem opið svæði milli Hraunbæjar og Bæjarháls.

Þetta opna svæði hefur ekki svæðisbundið mikilvægi samkvæmt þemakorti 7 í svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins eða í fylgirit 8 Náttúra og útivist. Ánægjulegt er að sjá stefnu um að 25% íbúða verði á viðráðanlegu kjörum en slíkar áherslur eru í markmiði 5.1 í svæðisskipulaginu.

Niðurstaða:

Svæðisskipulagsnefnd gerir engar athugasemdir við verkefnislýsingu fyrir breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur. Svæðisskipulagsnefnd lýsir yfir ánægju með þá stefnu um að stór hluti íbúða verða á viðráðanlegum kjörum. Nefndin hvetur Reykjavíkurborg til hafa í huga bæði markmið svæðisskipulagsins undir leiðarljósi 5 – Gott nærumhverfi eykur gæði borgarbyggðar.

- 6. Reykjavík, aðalskipulagsbreyting, heimildir um veitinga- og gististaði / málsnr. 1612002.**

Lýsing að skipulagsverkefni skv. 1. mgr. 30. gr. skipulagslaga. Breytingu á stefnu aðalskipulags Reykjavíkur til samræmis um lög um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald.

Niðurstaða:

Svæðisskipulagsnefnd telur að breytingin hafi ekkert svæðisbundið gildi og mun því ekki gera neinar athugasemdir við lýsingu. Svæðisskipulagsnefnd óskar eftir því að Reykjavíkurborg kynni fyrirhugaðar skipulagsbreytingar fyrir fagráði svæðisskipulagsnefndar.

- 7. Reykjavíkurborg, aðalskipulagsbreyting, stefna um íbúðabyggð / málsnr. 1611003**

Drög að tillögu breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur 2010 - 2030 skv. 2. mgr. 30. gr. skipulagslaga. Með breytingunni er annars vegar verið að lagfæra augljós mistök í framsetningu stefnu og hins vegar að skýra stefnu um uppbyggingu smáíbúða sem ekki kallar á breytingar á aðalskipulagi.

Niðurstaða:

Að mati svæðisskipulagsnefndar hafa breytingar á aðalskipulagi Reykjavíkur varðandi stefnu um íbúðabyggð ekki svæðisbundið mikilvægi. Svæðisskipulagsnefnd gerir engar athugasemdir við tillöguna.

8. Garðabær, aðalskipulagsbreyting vegna Heiðmerkur / málsnr. 1512004

Drög að tillögu skv. 2. mgr. 30. gr. skipulagslaga.

Breytingarnar fela m.a. í sér að verið er að innleiða vatnsverndarmörk svæðisskipulagsins. Einnig fjalla þær um stígakerfi og staðsetningu útilífsmiðstöðvar.

Niðurstaða:

Svæðisskipulagsnefnd felur svæðisskipulagstjóra að ganga úr skugga að um vatnsverndarmörk séu í samræmi við svæðisskipulag og gera umsögn við tillögudrögin.

Næsti fundur svæðisskipulagsnefndar verður föstudaginn 27. janúar 2017 kl. 11:00.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 13:20.